

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 29/2006

frá 10. mars 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/42/EB frá 20. júní 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlagða II., IV. og VI. viðauka við hana að tækniframförum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/52/EB frá 9. september 2005 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að aðlagða III. viðauka við hana að tækniframförum ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 76/768/EBE) í XVI. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32005 L 0042**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/42/EB frá 20. júní 2005 (Stjtið. ESB L 158, 21.6.2005, bls. 17),
- **32005 L 0052**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/52/EB frá 9. september 2005 (Stjtið. ESB L 234, 10.9.2005, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2005/42/EB og 2005/52/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. mars 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 158, 21.6.2005, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 234, 10.9.2005, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. mars 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.